
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2005-01
Fundartími: Miðvikudagur 12. janúar 2004 kl. 13:30-15:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf nefndarinnar og skipulag starfsins.
- 2) Skipan hópa.
- 3) Vinna ársins 2005.
- 4) Eldsneytisnotkun og frumvarp um gagnasöfnun.
- 5) Almennar forsendur orkuspáa.
- 6) Raforkunotkun 2004 og ný raforkuspá.
- 7) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Þorkell Helgason
Benedikt Valsson
Eiríkur Bogason
Haukur Ingibergsson
Magnús Ásgeirsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun: Árni Ragnarsson

Fjarverandi: Magnús Magnússon

- 1) ÞH bauð nýskipaða fulltrúa í nefndina velkomna og fór yfir nýtt skipulag og skipan nefndarinnar og dreifði blaði þar sem fram kemur hverjir hafa verið skipaðir í nefndina. Sagði hann að miðað væri við svipað skipulag og áður nema nú er gert ráð fyrir einungis einum fulltrúa frá hverju orkusviði. ÞH sagði að stundum hafi verið nefnt hvort ekki væri hægt að fá almennar forsendur frá öðrum stofnunum. HI benti á að fyrirkomulagið í nefndinni væri að mörgu leyti heppilegt þar sem um væri að ræða samstarfsnefn sem gæti fremur lagt frá líklegustu þróun óháð pólitískum forsendum. JV fór lauslega yfir sögu nefndarinnar. Einnig var rætt um til hvers langs tíma spánnar ættu að vera og voru fundarmenn sammála um að sú tímalengd sem miðað hefur verið við væri heppileg eða um 30 ár. JV var falið að taka saman yfirlit um starf nefndarinnar.
- 2) ÞH fór yfir tillögu að skipan hópa og vísaði í raforkulög varðandi raforkuhópinn. Landsnet hefur samþykkt að greiða helming af kostnaði raforkuhóps á mótí Orkustofnun en ekki er gert ráð fyrir að aðrir kosti þann hóp. Samþykkt var að bjóða öllum dreifiveitum þátttöku í hópnum og var ÞH, ÁR og JV falið að sjá um það. EB benti á að heppilegt gæti verið að formaður raforkuhóps ætti sæti í Orkuspárnefnd. Einnig nefndi hann hvort ekki væri gott að setja niður á blað

markmiðslýsingu fyrir hvern hóp. ÞH sagði að líklega yrðu nokkrar breytingar á raforkuspánni svo sem vegna breytts flutningskerfis og einnig sagðist hann vilja sjá tilvik um mögulega stóriðju.

Varðandi jarðvarmahópin var talað um að fá stærstu veiturnar til að taka þátt í því starfi. ÞH, ÁR og JV falið að sjá um það.

MÁ sagðist vera tilbúinn að starfa í eldsneytishópnum sem sérfræðingur. Einnig var talað um að fá fulltrúa frá Umhverfisstofnun.

- 3) JV dreifði áætlun um raforkuhóp og Orkuspárnefnd. ÞH sagði að Orkustofnun mundi fara yfir áætlunina auk þess sem raforkuhópur mun skoða hana á fyrsta fundi hans.
- 4) ÞH sagði frá því að eitt olúfélag neitaði að skila inn gögnum til Orkuspárnefndar um eldsneytissölu og því lægju ekki fyrir gögn um árið 2003. Þetta væri óviðundandi og því hefði JV tekið saman tillögu að frumvarpi um upplýsingagjöf varðandi innflutning og sölu á eldsneyti. JV dreifði þessari tillögu. MÁ taldi eðlilegt að gögnum væri skilað mánaðarlega eins og t.d. í Noregi. HI benti á að e.t.v. hefði Hagstofan heimildir til að innheimta gögn sem þessi.
- 5) JV sagði að ný útgáfa af almennum forsendum væri á heimasíðu nefndarinnar og fór lauslega yfir þær og hvatti fundarmenn til að skoða þær. Ákveðið var að fjalla betur um þær á næsta fundi.
- 6) JV sagði að nefndin hafi á undanförunum árum sent frá sér fréttatilkynningu um raforkunotkun. Fundarmenn voru sammála um að það væri æskilegt hvort sem nefndin gerði það eða Orkustofnun. ÞH ætlar að athuga með það.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 13. maí 2004 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Skipan Orkuspárnefndar og tillögur að hópum. (JV)
- Áætlun um vinnu fyrir Orkuspárnefnd. (JV)
- Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir raforkuhóp Orkuspárnefndar á árinu 2005. (JV).
- Drög 4 að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um innflutning, sölu og geymslu eldsneytis. (JV)

Sýnt var á netinu:

- Almennar forsendur orkuspáa 2004.